


- Landnotkun - skýringar**
- Efnistökusvæði
 - Sorpförgun
 - Sorpförgun/Efnistökusvæði
 - Landbúnaður
 - Gott ræktanlegt land
 - Opið svæði til sérstakra nota
 - Öbyggt svæði
 - Þéttbýli
 - Sjór
 - Vötn og vatnsföll
 - Hugsanlegt flóðasvæði (0 - 5 m. y.s)
 - Fölkvangur
 - Hverfisvernd - flóar
 - Hverfisvernd - birkiskógar og kjarr
 - Hverfisvernd - önnur svæði
 - Þjónustustofnun
 - Vatnsveita
 - Fjarskipti - Sími
 - Fjarskipti - Ljósleiðari
 - Stofnvegur
 - Héraðsvegir
 - Reið- og gönguleiðir



1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, þ.e. breyta landnotkun svæðis úr landbúnaði í sorpförgun og efnistöku við Bjarnhóla í landi Hamars. Landið er í eigu sveitarfélagsins. Reið- og gönguleið sem liggur í gegnum svæðið verður færð vestur við það. Breytingin mun taka til 9,8 ha svæðis, 7,7 ha verða skilgreindir sem sorpförgunarsvæði þar sem gert er ráð fyrir urðun á jarðvegi, grjóti og múrbroti og endurvinnslu garðúrgangs, ómengaðs timbers og hrossaskits sem til fellur í sveitarfélaginu. 1,1 ha er skilgreindur sem efnistöku- og sorpförgunarsvæði þar sem sé hluti svæðisins mun í fyrstu vera nýttur sem efnistökusvæði, en breytast í geymslusvæði fyrir ómengað timbur ásamt vinnslusvæði fyrir jarðgerð garðúrgangs, ómengaðs timbers og hrossaskits þegar efnistöku lýkur. Á þeim 1,0 ha sem efnistöku er eingöngu gert ráð fyrir efnistökusvæði. Stefnt er að því að meðhöndla 600 tonn af efníá ári og að efnistaka verði allt að 50.000 m³ af jarðefnum. Þeir bæir sem næst eru svæðinu eru Lækjarkot, Kárastaðir og Brautarholt. Lækjarkot er staðsett 950 m norðaustur af svæðinu, í sömu hæð yfir sjávarmáli og með óhindraða sýn inn á svæðið. Kárastaðir eru staðsettir 2 km suðaustur af svæðinu, um 8 m hærra yfir sjávarmáli og með óhindraða sýn inn á svæðið. Brautarholt er staðsett um 850 m suðvestur af svæðinu, um 10 m neðar í landi og með enga sýn inn á svæðið þar sem holt er á milli staðanna.

2. Tengsl breytingarinnar við aðrar skipulagsáætlanir

Fyrirhugaður sorpförgunarsvæði er í samræmi við stefnu aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 varðandi sorpförgunarsvæði, en hún er svo hljóðandi: "Lögð verður áhersla á að draga úr myndun úrgangs í framleiðslu fyrirtækja, í verslun, þjónustu og á heimilum. Stefnt skal að endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem engu að síður fellur til. Sérstök áhersla skal lögð á að jarðgera lífrænan úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu. Dregið skal úr urðun lífræns og brennanlegs úrgangs." Áætlunin "Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020" er samstarfsverkefni 34 sveitarfélaga og fjögurra sorpsamlaga, þ.m.t. Borgarbyggðar og Sorpurðunar Vesturlands. Tillögur sem þar eru settar fram miða að því að ná þeim markmiðum sem sett eru í lögum um meðhöndlun úrgangs (55/2003) og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs, fyrir tímabilið 2004-2016. Jafnframt miða tillögurnar að því að uppfylla þá stefnu sorpsamlaganna að eftir árið 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efnir urðuð á starfssvæði samlaganna í Fífholtum. Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar um afmörkun sorpförgunarsvæða við Bjarnhóla er liður í því að koma til móts við stefnu aðalskipulags og sorpsamlaganna. Þar sem förgunarsvæði og efnistaka eru taldar upp í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt fyrrgreindum lögum.

3. Forsendur og rökstuðningur fyrir breytingartillögu

Svæðið við Bjarnhóla var sorpförgunarsvæði fyrir almennan úrgang allt til ársins 1999 þegar urðunarstaður Sorpurðunar Vesturlands í Fífholtum var tekinn í gagn. Starfsleyfi var gefið út af Hollustuvernd ríkisins 9. júlí 2002 í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildi í 10 ár. Leyfi var veitt fyrir "a) meðhöndlun á óvirkum úrgangi, þ.m.t. urðun hans; b) meðhöndlun á garðúrgangi, þ.m.t. jarðgerð hans; c) geymslu á úrgangstímbrí, þ.m.t. endurvinnslu þess (kurllun); d) geymslu á brotajárn" í flokkunarstöð á fyrri verandi urðunarstað Borgarbyggðar við Bjarnhóla. Leyflegt var að meðhöndla árlega allt að 500 tonn af úrgangi og efnistöku á svæðinu.

Áætlunin "Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020" gerir ráð fyrir að engin lífræn eða brennanleg efnir verði urðuð á starfssvæði sorpsamlaganna. Fyrirverandi sorpförgunarsvæði við Bjarnhóla hafði starfsleyfi fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðúrgangi sem og geymslu á úrgangstímbrí og brotajárn fram til júlí 2012.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 var gert ráð fyrir athafnasvæði á fyrirhuguðum sorpförgunarsvæði. Skipulagið var fellt úr gildi við gildistöku aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 í júní 2011. Ekki liggur fyrir deiliskipulag.

Efnistaka hefur átt sér stað á svæðinu við Bjarnhóla frá árinu 2007. Áætla má að búið sé að taka um 4.000 m³ af efní. Efnistökusvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar. Samanber stefnumörkun aðalskipulags er stefnt að því að fækka efnistökusvæðum í sveitarfélaginu úr 95 í 50. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting hefur í för með sér að efnistökusvæðum í sveitarfélaginu fjölga. Jarðefnið á umræddu svæði er takmarkað og svæðinu verður lokað að efnistöku lokinni. Það er ljóst að ekki væri farið í þessa aðalskipulagsbreytingu nema þá aðeins að efnistaka er nú þegar hafin og núverandi ásjúnd svæðisins er ekki viðunandi með tilliti til sjónmengunar vegna nálægðar við Hringveg (1). Því er talið jákvætt að ljúka umræddri efnistöku, loka námunn og ganga frá yfirborði svæðisins. Samanber stefnumörkun aðalskipulags er æskilegt að sýn að námu frá fjölbörnum stöðum sé lítil. Með því að byrja efnistöku að norðvestanverðu er stefnumörkun aðalskipulagsins framfylgt og sjónmengun frá Hringvegi (1) lágmarkuð eins og kostur er.

Gert er ráð fyrir að vinnslutími efnistöku verði að hámarki 10 ár. Lítið er um námur með burðarhæfu efní í nágrenni Borgarbyggðar og því þörf á nýtingu námunnar við Bjarnhóla.

Á móttökustöð úrgangs verður urðaður jarðvegur, múrbrot og grjót allt að 70 tonn/ári. Garðúrgangur, ómengað timbur og hrossaskit sem til fellur í sveitarfélaginu verður endurninn á sérstöku flokkunar- og vinnslusvæði. Gert er ráð fyrir að tekið verði á móti 520 tonn/ári. Geymslutími lífræna efnis verður að hámarki 3 ár áður en endurnýting hefst. Brotajárn allt að 10 tonn/ári verður geymd tímabundið á svæðinu. Endurvinnanlegur úrgangur verður flokkaður í 7 flokka: 1. ómengað timbur án virkra efnis 2. brotajárn 3. garðúrgangur 4. hrossaskit 5. múrbrot 6. grjót 7. jarðvegur Unnið verður deiliskipulag fyrir móttökustöð og efnistökusvæði.

4. Valkostir

Í Fífholtum er mögulegt að urða óvirkan úrgang, taka á móti brotajárn og endurvinnna garðúrgangi, hrossaskit og ómengað timbur. Það yrði ekki í samræmi við fyrrgreinda áætlun 34 sveitarfélaga og sorpsamlaga. Það er því mat Borgarbyggðar að betri kostur sé að stúla að nýju framtíðar urðunarsvæði og móttökustöð við Bjarnhóla. Kostur urðunarstaðar við Bjarnhóla umfram Fífholt er nálægð við fjölmennasta þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Borgarbyggðar, þar sem stærstur hluti óvirkis úrgangs, garðúrgangs og hrossaskits fellur til. Hvað varðar efnistökusvæðið þá hefur ekki verið lítið til annars svæðis í stað Bjarnhóla. Talinn er ótvíræður kostur að taka efní við Bjarnhóla. Efnistaka er nú þegar hafin úr norðvesturhluta holtsins eins og fyrr greinir. Þegar efnistöku lýkur er gert ráð fyrir að engin sjónmengun verði af staðnum. Ekki er talið jákvætt að hefja efnistöku á öðrum stað.

Gangvart mengunar sjónarmiðum er jákvætt að akstursleið efnis sé stutt. Jarðefnið verður notað að miklu leyti í Borgarbyggðar og því er staðsetning efnistökustaðarinnar góð þegar tekið er tillit til loftmengunar við flutning efnisins. Norður af holtinu er fyrrgreindur urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang og garðúrgang. Þegar efnistöku lýkur verður hluti svæðisins nýtt sem geymslusvæði og endurvinnslusvæði (kurllun) ómengaðs timbers og garðúrgangs. Talið er jákvætt að sorpurðunar- og efnistökusvæðið sé í nálægð hvors annars og að notuð sé sama aðkomuleið að þeim. Gert er ráð fyrir að svæðið fyrir efnistöku og sorpförgun verði girt af og eitt hlöðverið inn á svæðið. Aðstaða fyrir starfsmann verður á svæðinu og gæsla á opnunartíma.

5. Umhverfismat áætlana

Breyting aðalskipulagsins fellur undir lög um umhverfismat áætlana (106/2006). Umhverfisskýrsla dags. 08. apríl 2014, unnið af Landlinum ehf. er hluti af aðalskipulagsbreytingunni. Niðurstaða matsins er að uppbygging móttökustöðvar við Bjarnhóla er mikilvægt skref í því að draga úr urðun úrgangs og auka endurvinnslu. Hún er í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum, sameiginleg áætlun 34 sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs og aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Áætlunin stuðlar að endurvinnslu óvirkis og lífræns efnis sem til fellur í sveitarfélaginu og verðmætasköpun í formi starfa og móltsu sem söluvara. Ástand umhverfis við Bjarnhóla mun bættast þar sem gengið verður frá gæmli sorphaug með manir og gróðri. Námasvæði sem þegar er í notkun verður að hluta til nýtt fyrir móttökustöð þegar efnistaka er lokið. Staðsetning móttökustöðvar er á þegar raskaða svæði og stuðlar að frágangi þess. Núverandi ásjúnd holtsins er ekki viðunandi gagnvart þeim sem sýn hafa inn á svæðið og því er jákvætt að ljúka efnistöku. Neikvæð áhrif áætlunarinnar er helst mengunarhætta sem stafa af næringarefni úr lífrænum efní sem eru geymd tímabundið á svæðinu og efní sem tekið var á móti fram til ársins 1999 og geta borist í sigvatn. Nauðsynlegt er að bregðast við mengunarhættu í samræmi við niðurstaðu áhættumats og viðbragðsáætlun. Neikvæð áhrif vegna efnistöku er aðallega hljóðmengun en hún mun aðeins vara á meðan á efnistöku stendur. Vegna aukinnar umferðar að Bjarnhóla þarf að skoða í samvinnu við Vegagerðin hvort þörf er á aðgerðir við vegamót.

6. Áhættumat áætlana

Áhættumat hefur verið unnið fyrir áætlunin af Environice, dags. 5. mars 2013. Niðurstaða áhættumats er að hverfandi líkur eru á að úrgangur sem tekið er á móti til urðunar við Bjarnhóla innihaldi efní sem eru skaðleg umhverfinu. Með frekari takmörkunum á aðgengi að svæðinu og bættu eftirliti mun rekstraráðili koma eins og kostur er í veg fyrir ögn vegna mengun jarðvegs og grunnvatns. Ekki verður séð að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi hættu af urðuninni, né að þörf sé á sigvatnssöfnun. Með hlöðsón að mælingum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 28. júlí 2010 má áætla að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hættu af þeim úrgangi sem urðaður var við Bjarnhóla fram til ársins 1999. Talið er afar ólíklegt að atburðir í náttúrunni geti leyst úr læðingi efní sem urðuð hafa verið við Bjarnhóla og kunna að vera skaðleg umhverfinu, umfram það sem kann að skolast út í frárénnisli eða sigvatni, óháð atburðum í náttúrunni.

7. Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing á breytingartillögu var kynnt íbúum sveitarfélagsins, aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í mars 2014. Leitað verður umsagnar vegna tillögu að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og áhættumati hjá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Tillagan verður kynnt íbúum í apríl og hún tekin til afgreiðslu sveitarstjórnar í apríl 2014. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar skal senda tillöguna til umsagnar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst sbr. 31. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 20. nóvember 2014

Sveitarstjóri Borgarbyggðar *[Signature]*
Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá 18. ágúst til 28. sept. 2014

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

Aðalskipulagsbreyting þessi óðlast gildi þann 3. mars 2015

[Signature] *[Signature]*

Breyting á aðalskipulagi Sorpförgun og efnistaka við Bjarnhóla

Mælikvarði	Dagsetning	Verkefni	Skráarheiti	Uppdráttur
1:100000	08.04.2014	a406-Borgarbyggð	a406-Bjarnhólar.dgn	URP
1:250000 (A2)	breytt 12.5.2014 og 3.9.2014			

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes • sími 4351254
landlinur@landlinur.is • www.landlinur.is

Ulla R. Pedersen
Landslagsarkitekt FÍLA